FÍV

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2024–2025

Gögn • greining • aðgerðir • eftirfylgni • umbætur

GÖGN	GREINING	AÐGERÐIR	UMBÆTUR

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Samantekt

Skólaárið 2024–2025 einkenndist af vexti, fjölbreyttu námsframboði og markvissri þróun á innra mati og stuðningi við nemendur. Áherslur fyrri umbótaáætlunar – að efla námsáhuga, virkja nemendur og auka ábyrgð þeirra á eigin námi – voru teknar áfram í kennsluþróun, kennslumati, Skólapúlsi og endurskoðun á námsmatsvörðum.

Kennslumat sýnir sterka stöðu í ábyrgð nemenda á eigin námi, samskiptum við kennara, sjálfstæðum vinnubrögðum og leiðsögn. Á sama tíma komu fram skýr sóknarfæri í áhuga, samræmi verkefnaálags, félagslífi og öryggi nemenda í hópavinnu og kynningum. Starfsmannafundur vorið 2025 var nýttur til að rýna niðurstöðurnar og ræða aðgerðir.

Vörðumatið reyndist mikilvægt greiningartæki. Haustið 2024 höfðu 101 af 118 nemendum sem síðar féllu eða sögðu sig úr áföngum áður fengið S/X í vörðumati; vorið 2025 voru það 98 af 107. Jafnframt náðu 40 nemendur haustið 2024 og 32 vorið 2025 öllum áföngum þrátt fyrir S/X. Þetta sýnir bæði að kerfið greinir áhættu snemma og að neikvæð staða í vörðu þarf ekki að leiða til falls ef gripið er inn í eða nemandi nær að snúa stöðunni við.

Helstu niðurstöður

- Kennslumat sýnir mjög sterka ábyrgð nemenda á eigin námi: 97% haust 2024 og 96% vor 2025.
- Skólapúls og kennslumat sýna sterk tengsl kennara og nemenda, leiðsagnarmat og sjálfstæði.
- Vörðumat greindi 85,6% áhættuhóps haustið 2024 og 91,6% vorið 2025 áður en lokaniðurstaða lá fyrir.
- Stuðningsúrræði voru þróuð milli anna: VerkVerk og NámNám að hausti, VIST1SK01 að vori.
- FÍV varð í 2. sæti meðal lítilla ríkisstofnana í Stofnun ársins 2024 með heildareinkunn 4,770.
- Helstu umbótatækifæri: námsáhugi, verkefnaálag, félagslíf, hópvinna/kynningar og markvissari stuðningur eftir vörður.

1. Inngangur

Sjálfsmat FÍV er hluti af lögbundnu gæðastarfi skólans. Tilgangurinn er að meta stöðu skólans gagnvart eigin markmiðum, greina styrkleika og umbótatækifæri og tryggja að niðurstöður leiði til aðgerða og eftirfylgni. Í þessari skýrslu er eldri framsetning með skorkorti og stefnukorti einfölduð í samþættan matsramma sem tengir gögn beint við umbætur í skólastarfi.

Í sjálfsmatsskýrslu 2023–2024 voru tvö umbótaverkefni sett í forgang fyrir árið 2025: að efla námsáhuga og að virkja nemendur og efla ábyrgð þeirra á eigin námi. Þessi skýrsla metur sérstaklega hvernig þau viðfangsefni birtust í gögnum og starfi skólaárið 2024–2025.

Helstu gagnalindir

- Kennslumat haust 2024 og vor 2025.
- Skólapúls og samantekt starfsfólks vorið 2025.

- Lokasamantekt á vörðumati haust 2024 og vor 2025.
- Skýrsla um námsaðstoð 2024–2025.
- Skýrsla náms- og starfsráðgjafa 2024–2025.
- Stofnun ársins 2024 og opinberar upplýsingar um skólastarf.

2. Stefna og meginmarkmið

Sjálfsmat skólans tekur mið af því að FÍV bjóði fjölbreytt og gott nám sem mætir þörfum nemenda og nærsamfélags og að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Gæði kennslu, virk þátttaka, ábyrgð nemenda, leiðsögn, skólabragur, stoðþjónusta og tengsl við samfélagið eru lykilþættir í þessari heild.

2.1 Matsrammi FÍV – lykilþættir innra mats

Í eldri sjálfsmatsskýrslum var stefnu og mælingum meðal annars lýst með skorkorti og stefnukorti. Í þessari skýrslu eru sömu meginviðfangsefni sett fram í einfaldari matsramma sem tengir saman gögn, niðurstöður, aðgerðir og eftirfylgni. Markmiðið er að matsramminn endurspegli skólastarfið sjálft og auðveldi starfsfólki að sjá hvernig innra mat leiðir til umbóta.

Svið	Hvað metum við?	Helstu gögn
Nám og kennsla	Kennslugæði, virkni, leiðsagnarmat, ábyrgð nemenda og námsframvinda	Kennslumat, Skólapúls, námsmat, námsframvinda, MAS
Nemendur og líðan	Skólabragur, tilheyra, líðan, mæting og brotthvarf	Skólapúls, skólasókn, brotthvarfsgögn, viðtöl
Stuðningur og inngilding	Snemmtæk greining, vörðumat, sérúrræði, ráðgjöf og farsæld	Vörðumat, námsráðgjöf, stuðningsúrræði, teymisvinna
Mannauður og starfshættir	Starfsánægja, samstarf, fagleg þróun og sameiginleg vinnubrögð	Stofnun ársins, starfsþróun, MAS, fundir og rýni
Þróun og samfélag	Námsframboð, verk- og starfsnám, nýsköpun og tengsl við samfélag	Nemendatölur, brautir, samstarfsverkefni, atvinnulíf og samfélag

GÖGN → GREINING → AÐGERÐIR → EFTIRFYLGNI → UMBÆTUR

Matsramminn kemur í stað þess að birta sérstakt skorkort. Hann er ekki sjálfstætt matsverkefni heldur yfirlit yfir þau svið sem skólinn fylgist með og hvernig niðurstöður eru teknar áfram í umbótavinnu.

2.2 Ábyrgð og eftirfylgni

Gæðateymi FÍV heldur utan um framkvæmd og þróun innra mats, fylgir eftir mats- og umbótaáætlun skólans og tryggir að niðurstöður séu teknar áfram í aðgerðir. Stjórnendur, kennarahópar, náms- og starfsráðgjöf og önnur teymi bera ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða eftir eðli þeirra. Niðurstöður og fylgigögn eru varðveitt í GoPro.

2.3 Tengsl við gæðaviðmið 2025

Ný gæðaviðmið fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum voru gefin út eftir að skólaárinu 2024–2025 lauk. Þessi skýrsla er því ekki unnin eftir þeim viðmiðum frá upphafi. Niðurstöðurnar mynda hins vegar mikilvæga grunnlínu fyrir innleiðingu viðmiðanna. Þær tengjast einkum sviðunum Nám og kennsla, Stjórnun og fagleg forysta og Innra

mat. Frá skólaárinu 2026–2027 verður innra mat FÍV skipulagt beint með hliðsjón af gæðaviðmiðunum og Matsáætlun FÍV 2026–2030.

Meginmarkmið

- Fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins.
- Að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og samskipti byggist á gagnkvæmri virðingu og skilningi.

3. Umfang og þróun


Skólinn var í vexti á skólaárinu og námsframboð hélt áfram að breikka. Innri tölur sem notaðar hafa verið í stjórnun skólans sýna 274 skráða nemendur haustið 2024 og um 217,1 nemendaígildi. Þetta er veruleg aukning frá fyrra skólaári og staðfestir að eftirspurn eftir námi við FÍV jókst.

Á skólaárinu brautskráðust 29 nemendur, 13 við haustútskrift og 16 að vori. Fjölbreytt námsframboð og tengsl við atvinnulíf og samfélag héldu áfram að vera mikilvægt einkenni skólans.

4. Kennslumat og upplifun nemenda

Kennslumat var lagt fyrir 72 hópa haustið 2024 og 75 hópa vorið 2025. Heildarsvör voru 559 að hausti og 393 að vori. Þegar horft er á þróun milli anna er myndin almennt stöðug og jákvæð, þó nokkur lækkun sjáist í mörgum þáttum á vorönn.

Breytingar milli anna eru túlkaðar sem vísbendingar um þróun en ekki sem sönnun um orsakasamband við einstakar umbótaaðgerðir. Þar sem ekki er um samanburðarhóp að ræða er ekki hægt að einangra áhrif einstakra aðgerða; niðurstöður eru því metnar í samhengi við önnur gögn, framkvæmd aðgerða og þróun yfir tíma.



Mynd 1. Valdir lykilþættir úr kennslumati haust 2024 og vor 2025.

Mælikvarði	Haust 2024	Vor 2025	Mat
Tímarnir áhugaverðir	81%	78%	Góð staða en undir öðrum þáttum
Ábyrgð á eigin lærdómi	97%	96%	Mjög sterkur og stöðugur þáttur
Mér gengur vel	88%	84%	Sterkt, en lækkun milli anna
Kennari hvetur til að gera sitt besta	89%	86%	Sterkt
Virk þátttaka	83%	80%	Góð staða, sóknarfæri
Tjáning og sjónarmið	92%	90%	Mjög sterkt
Sjálfstæð vinnubrögð	97%	94%	Mjög sterkt
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	86%	82%	Góð staða
Leiðbeinandi mat	90%	84%	Sterkt en lækkar
Kennari bendir á hvernig bæta má	88%	83%	Sterkt en lækkar

Styrkleikar	Umbótatækifæri	Næstu skref
Ábyrgð nemenda, sjálfstæði, samskipti og leiðsögn mælast mjög sterk.	Áhugi og virkni eru lægri en sterkustu þættirnir; leiðsagnarmat lækkar milli anna.	Nota kennslumat markvisst í MAS/skólaþróun og deila aðferðum kennara sem ná sterkum árangri.

5. Skólapúls og fagleg rýni starfsfólks

Á starfsmannafundi vorið 2025 voru niðurstöður Skólapúls og kennslumats teknar saman og bornar saman. Svarhlutfall í Skólapúlsi var 96,1%. Samantektin dró fram sterk tengsl kennara og nemenda, hvatningu til áhuga, tjáningar og sjálfstæðis og áberandi sterkt leiðsagnarmat.


Virk þátttaka mældist 6,0 í Skólapúlsi samanborið við 5,3 í viðmiðunarhópi, og 80% í kennslumati. Tjáning og ígrundun mældist 6,3 og 90% í kennslumati. Sjálfstæði var 4,2 í Skólapúlsi og 96% nemenda í kennslumati sögðust bera ábyrgð á eigin námi.

Opin svör og umræður sýndu jafnframt skýr umbótatækifæri: kvíða og óöryggi í kynningum og hópavinnu, ósamræmi í skipulagi og heimanámi, þörf fyrir virkara félagslíf, styrkingu skólaímyndar og betri samhæfingu verkefnaálags. Starfsfólk var hvatt til að finna einfaldar aðgerðir og deila góðum aðferðum.

Styrkleikar	Umbótatækifæri	Næstu skref
Sterk tengsl, leiðsögn, tjáning og sjálfstæði.	Skólaímynd, félagslíf, verkefnaálag og öruggari hópvinna/kynningar.	Tengja umræðu starfsfólks við afmarkaðar umbótaaðgerðir og fylgja þeim eftir í næsta mati.

6. Vörðumat – snemmtæk greining og eftirfylgni

Þrjár námsmatsvörður voru á hvorri önn. Vörðumat var notað til að greina stöðu nemenda snemma og ákveða eftirfylgni. Niðurstöður sýna að kerfið nær að greina stóran hluta þeirra nemenda sem síðar falla eða segja sig úr áföngum.



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem féllu eða sögðu sig úr áföngum og höfðu áður fengið S/X í vörðumati.

Önn	Féllu/úrsögn	Fengu S/X	Náðu öllu þrátt fyrir S/X
Haust 2024	118	101 (85,6%)	40
Vor 2025	107	98 (91,6%)	32

Tölurnar gefa tvíþætta mynd. Annars vegar er vörðumatið öflugt viðvörunarkerfi. Hins vegar sýnir fjöldi þeirra sem snúa stöðunni við og ná öllum áföngum að S/X er ekki lokadómur heldur tækifæri til inngrips, samtals og breytinga.

7. Námsaðstoð og stuðningsúrræði

7.1 Haustönn 2024

Haustið 2024 fengu allir nýnemar og eldri nemendur með námsferil sem benti til þörf fyrir stuðning VerkVerk tíma tvisvar í viku. Tíu kennarar sinntu úrræðinu. Einnig var boðið upp á NámNám20242 í stærðfræði fyrir nýnema með D eða stjörnumerkingu úr grunnskóla.

Eftir Vörðu 1 fengu 56 nemendur S og 15 voru boðaðir í viðtal. Nemendur með þrjú eða fleiri S voru boðaðir í viðtal og boðin vikuleg viðtöl hjá ráðgjafa; foreldrar voru virkjaðir þegar nemendur voru undir 18 ára. Eftir Vörðu 2 fengu 84 nemendur S og 25 voru boðaðir í viðtal.

Mat á VerkVerk sýndi þó mikilvægan veikleika: þegar mæting var ekki tengd fjarvistum hættu þeir nemendur sem mest þurftu á stuðningnum að halda frekar að mæta. Reynslan sýndi einnig að stuðningurinn þarf að vera einstaklingsmiðaður og krefst virkrar nærveru kennara.

7.2 Vorönn 2025

Á vorönn var stuðningurinn endurhannaður. Fimmtán nemendum – 13 nýnemum og 2 eldri nemendum – var boðið að skrá sig í VIST1SK01. Þrír kennarar sáu um hópana og mæting var skráð. Fjórir nemendur voru undir 70% mætingu, en þeir sem nýttu tímana vel töldu þá gagnlega og sumir óskuðu eftir sambærilegu úrræði áfram.

Eftir Vörðu 1 vorið 2025 fengu 63 nemendur S. Nýnemar með tvö S eða fleiri og eldri nemendur með þrjú S eða fleiri voru boðaðir í viðtal, og nemendur undir 18 ára með foreldrum. Eftir Vörðu 2 fengu 79 nemendur S. Skýrslan bendir á að algeng ástæða S hafi verið lítil virkni í námi og verkefnaskil, jafnvel þegar mæting var þokkaleg.

Styrkleikar	Umbótatækifæri	Næstu skref
Skýr verkferli, foreldrasamstarf, viðtöl og þróun stuðnings milli anna.	Stuðningstímar ná ekki sjálfkrafa til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda; stundatafla og sjálfval geta takmarkað nýtingu.	Festa skýrari skyldu/boðun eftir Vörðu 1, tengja úrræði við einstaklingsmarkmið og meta áhrif eftir 10–14 daga.

8. Náms- og starfsráðgjöf, inngilding og forvarnir

Náms- og starfsráðgjöf var umfangsmikil. Ráðgjafi hélt utan um þátttöku í Skólapúlsi, stuðning eftir vörðumat, sérúrræði í prófum og samskipti við nemendur og foreldra. Ráðgjafi tók einnig þátt í undirbúningi nýnema, kynningum fyrir 10. bekki GRV og skilum upplýsinga vegna nemenda í samþættri þjónustu.

Mentorverkefni var starfrækt á haustönn þar sem eldri nemendur aðstoðuðu erlendan nemanda við aðlögun í skóla og utan skóla. Þetta er dæmi um inngildingu sem byggir á jafningjastuðningi og þátttöku nemenda sjálfra.

Forvarnarstarf fól m.a. í sér fræðslu um samskipti, orkudrykki, kynheilbrigði, geðheilbrigði og sjálfsvígsforvarnir, auk samstarfs við Vestmannaeyjabæ og GRV. Ráðgjafi hélt einnig utan um sérúrræði, greiningar og próftöku í minna rými eða munnleg próf eftir þörfum.

9. Mannauður og starfsumhverfi

FÍV varð í 2. sæti meðal lítilla ríkisstofnana í Stofnun ársins 2024. Heildareinkunn skólans var 4,770. Niðurstaðan styður við mynd af sterku starfsumhverfi, góðum starfsanda og jákvæðri upplifun starfsfólks af skólanum.

Stofnun ársins 2024

- 2. sæti meðal stofnana með 5–39 starfsmenn.
- Heildareinkunn 4,770.
- Svarhlutfall 60–69%.
- Niðurstaðan er ytri vísbending um sterkan mannauð og starfsumhverfi.

10. Skólaþróun – frá gögnum til aðgerða

Skólaárið sýnir skýra gæðahringrás. Kennslumat og Skólapúls voru ekki aðeins birt heldur tekin til umræðu með starfsfólki. Á fundinum voru kennarar beðnir um að ræða hvernig styrkja mætti skólabrag, samhæfa verkefnaálag, nýta leiðsagnarmat betur, gera félagslíf virkara og gera hópavinnu og kynningar öruggari.

Á sama tíma var unnið að endurskoðun námsmatsvörðunnar. Varðan er þannig ekki aðeins stuðningstæki fyrir einstaka nemendur heldur einnig gagnagjafi fyrir skólaþróun. Sameiginleg mynstur úr Vörðu, kennslumati og Skólapúlsi geta vísað á viðfangsefni sem tekin eru áfram í MAS, þar sem kennarar prófa afmarkaðar aðgerðir og rýna áhrif þeirra.

Varða 1 / önnur gögn → MAS velur afmarkað viðfangsefni → aðgerð prófuð í kennslu → næsta Varða / önnur gögn → niðurstaða tekin áfram

11. Heildarmat og umbótaáætlun 2025–2026

Heildarmynd skólaársins er jákvæð. Kennslumat og Skólapúls sýna sterk samskipti, sjálfstæði og leiðsögn. Vörðumat greinir áhættu snemma og eftirfylgni er markvissari en áður. Stuðningsúrræði hafa verið prófuð og breytt þegar reynslan sýndi veikleika. Sterk niðurstaða í Stofnun ársins styður einnig við gæði starfsumhverfisins.

Umbótastarfið 2025–2026 verði afmarkað við fáar sameiginlegar áherslur. Sérstaklega þarf að styrkja tengingu milli Vörðu 1 og aðgerða, tryggja að stuðningur nái til þeirra sem sækja hann síður sjálfir og nota MAS markvisst til að prófa kennsluaðferðir sem styðja námsáhuga, virkni og örugga þátttöku nemenda. Árangur verði metinn með næstu vörðum, kennslumati og stuttum MAS-samantektum.

Umbótaatriði	Aðgerð	Ábyrgð	Tími	Mælikvarði
Námsáhugi og virkni	MAS-hópar prófa aðferðir sem auka virkni, merkingu verkefna og þátttöku.	Gæðateymi / kennarahópar / aðstoðarskólameistari	2025–2026	Kennslumat, Skólapúls, MAS-samantektir
Eftirfylgni eftir Vörðu 1	Skýr stigskipt viðbrögð; markmið, aðgerð og endurmat eftir 10–14 daga.	Stjórnendur / ráðgjafi / kennarar	2025–2026	Hlutfall nemenda sem bæta stöðu milli varða
Stuðningsúrræði	Boðun og einstaklingsmiðuð	Ráðgjafi / kennarar	2025–2026	Mæting, verkefnaskil og lokaniðurstaða

	aðstoð fremur en eingöngu frjálst val.			
Verkefnaálag og skipulag	Auka samhæfingu milli áfanga og skýrleika í Innu.	Kennarar / stjórnendur	2025–2026	Nemendamat á skipulagi og álagi
Örugg þátttaka	Þróa leiðir í hópavinnu og kynningum sem draga úr kvíða og útilokun.	Kennarahópar	2025–2026	Opin svör og nemendakannanir
Skólabragur og félagslíf	Virkja breiðari hóp nemenda í félagsstarfi og efla tilheyrandi.	Nemendaráð / forvarnarteymi	2025–2026	Skólapúls og þátttaka í viðburðum

12. Gögn, heimildir og varðveisla fylgigagna

- Skýrslan byggir á eftirfarandi gögnum og heimildum. Undirliggjandi frumgögn og ítarleg fylgigögn eru varðveitt í GoPro, skjalavörslukerfi FÍV, og eru ekki birt sem viðaukar við skýrsluna nema sérstök þörf sé á.
- **Innra mat og stefna:** Sjálfsmatsskýrsla FÍV 2023–2024.
- **Kennsla og nám:** Kennslumat haust 2024 og vor 2025 (INNA) og samantekt Kennslumat og Skólapúls 2025.
- **Snemmtæk eftirfylgni:** Námsaðstoð á skólaárinu 2024–2025 og lokasamantekt á vörðumati 2024-2 og 2025-1.
- **Stoðþjónusta og inngilding:** Skýrsla námsráðgjafa veturinn 2024–2025.
- **Mannauður og starfsumhverfi:** Sameyki, Stofnun ársins 2024.
- **Umfang og árangur:** innri nemenda-, námsframvindu- og brautskráningargögn FÍV.
- **Fylgigögn í GoPro: heildarskýrslur kannana, hráar samantektir, verklagsreglur, fundargögn, matsgögn og umbótaáætlanir.**
- **Meginregla:** sjálfsmatsskýrslan birtir heildarmat, túlkun og helstu niðurstöður. Frumgögn og ítarleg fylgigögn eru varðveitt aðskilin, rekjanleg og aðgengileg eftir þörfum.

Vestmannaeyjum júní 2025

Thelma B. Gísladóttir

gæðastjóri